

Verklags- og úthlutunarreglur Skúnaskralls, Barnamenningarhátíðar Norðurlands vestra

Markmið Skúnaskralls, Barnamenningarhátíðar Norðurlands vestra eru eftirfarandi:

- Að tryggja börnum og ungmennum á Norðurlandi vestra, 0–18 ára, aðgengi að fjölbreyttri og vandaðri barnamenningu óháð búsetu og efnahag sbr. 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Að skipulag dagskrár taki mið af aldursdreifingu og að viðburðir taki mið af þörfum og áhuga ólíkra aldurshópa, einnig að viðburðir dreifist jafnt á milli sveitarfélaga og að skólar og önnur menningar- og samfélagsrými verði meðal vettvanga hátíðarinnar.
- Að dagskrá hátíðarinnar byggist á viðburðum fyrir börn, með börnum og sköpuðum af börnum í samræmi við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að virkja ungmenni við skipulag og framkvæmd hátíða og til þátttöku í menningarlífi.
- Að meginreglan sé sú að börn og ungmenni landshlutans greiði hvorki fyrir þátttöku í viðburðum né aðgang að viðburðum á meðan hátíðinni stendur.

Í úthlutunarnefnd starfa auk verkefnastjóra, tengiliðir og einn fulltrúi ungmennaráðs hvers sveitarfélags.

Við mat verkefna og úthlutun styrkja mun úthlutunarnefnd taka mið af matsblaði hátíðarinnar. Til styrkhæfs kostnaðar vegna verkefna teljast vinnutími, ferða- og gistikostnaður sem og efniskostnaður vegna vinnusmiðja.

Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.

Umsókn og þau gögn sem henni fylgja eru trúnaðargögn. Gögnin eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en úthlutunarnefnd. Ávallt skal verða að ósk umsækjenda um að eyða öllum gögnum sem tengjast umsókn viðkomandi ef þess er óskað. Listi yfir styrkhafa verður þó birtur opinberlega sem og styrkupp hæð.

Ekki verður hægt að styrkja öll verkefni sem sækja um styrk, því er mikilvægt að umsækjendur miði umsóknir sínar við reglur þessar. Stakt verkefni getur ekki fengið hærri fjárhæð en nemur 20% af heildarfjárhæð sem er til úthlutunar hverju sinni.

Umsækjandi fær sendar upplýsingar um hvort styrkur verður veittur eða ekki. Styrkur verður ekki greiddur fyrr en að verkefni loknu og þegar viðeigandi gögnum, s.s. reikningum fyrir útlögðum kostnaði, hefur verið skilað. Verði ekki af verkefni verður styrkur ekki greiddur.